

04.12.2009

## Sala reksturs og eigna þrotabús Festar ehf.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur verið falið af skiptastjóra þrotabús Festar ehf. að sjá um sölu á rekstri og eignum þess. Starfsemin felst í rekstri útgerðar og fiskvinnslu í Hafnarfirði sem samanstendur af sex bátum, fiskvinnslu og aflaheimildum.

Söluferlið er opið áhugasönum fjárfestum. Markmið sölunnar er að hámarka virði reksturs og eigna þrotabús Festar ehf.

Áhugasamir fjárfestar geta óskað eftir sölugögnum dagana 4. - 8. desember 2009 með því að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans með tölvupósti á netfangið [soluferli@landsbankinn.is](mailto:soluferli@landsbankinn.is). Sölugögn verða afhent gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar.

Óskuldbindandi tilboðum skal skilað inn 10. desember 2009. Stefnt er að því að ljúka sölu fyrir árslok 2009.

### *Nánari upplýsingar veitir:*

Landsbankinn – Kristján Kristjánsson

Tölvupóstur: [pr@landsbankinn.is](mailto:pr@landsbankinn.is)

Sími: 410 7100/899 9352